

321. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 3. mars 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri, Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 2502155 - Viðhald gatna og stíga 2025 - Útboð**
Hugmyndir um viðhald gatna og stíga ásamt kostnaðarmati lögð fram.
Skipulags- og umhverfissráð þakkar umhverfisstjóra kynninguna. Ráðið tekur málið fyrir á næsta fundi.
- 2. 2409315 - Garðavöllur - Umsókn um endurnýjun á lóðaleigusamning**
Sviðstjóri leggur fram drög að samningi um leigu á landi golfvallarins til Leynis.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir samningsdrögin og vísar málinu áfram til bæjarráðs.
- 3. 2410304 - Jarðefnatippur - þjónusta - útboð 2024**
Verkefnastjóri leggur fram drög að gögnum fyrir verðkönnun á þjónustu á jarðefnatipp.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlögð gögn.
- 4. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel**
Farið yfir fundargerð frá kynningarfundum.
Málið rætt og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.
- 5. 2502098 - Afnot af bæjarlandi - Hafnarbraut 10 - Þráinn V Gíslason**
Beiðni um tímabundin afnot af bæjarlandi
Skipulags- og umhverfissráð fellst á erindið og felur umhverfisstjóra að gefa út afnotaleyfi til eins árs í samræmi við reglur.
- 6. 2501367 - Skipulagsgátt - umsagnarbeiðni vegna Galtarlækjar L133627**
Beiðni frá Hvalfjarðarsveit um umsögn við skipulagslýsingu fyrir Galtalæk.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn og vísar henni til afgreiðslu í bæjarstjórn.
- 7. 2503012 - Kalmnsvellir 2 - innanhúss breyting á húsnæði**

Lögð er fram verðáætlun og minnisblað frá Björgunarfélagi Akraness um innanhússbreytingar á sameiginlegu rými með Slökkviliðsstöðinni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir 2026.

8. 2503021 - Sjávarflóð í mars 2025

Umfjöllun um sjávarflóð helgina 1.-2. mars.

Eftir slæmt veður og háa sjávarstöðu um helgina situr eftir talsvert tjón í bæjarfélaginu. Um helgina voru starfsmenn Veitna, slökkviliðs og lögreglu á vettvangi ásamt félögum frá björgunarfélaginu og starfsmönnum Akraneskaupstaðar. Unnið er við að ná utan um tjónið og skipuleggja hreinsunarstarf. Haft hefur verið samband við Vegagerðina varðandi áformaðar endurbætur á sjóvarnargörðum og ætla þeir að bregðast strax við með undirbúning þeirra. Sviðstjóra falið að fylgja því eftir við Vegagerðina að þeim verði flýtt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.